

FUNDARGERÐ

357. fundur stjórnar HEF veitna ehf.,

haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 14. október 2025 kl. 13:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Eyþór Stefánsson (ES), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Gestir á fundinum:

Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastjóri (#1-4)	Haddur Áslaugsson, tæknistjóri (#4)
Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri (#1-#2)	Magnús Kristjánsson KPMG (#4)
Nigar Khaligova, fjármálasérfræðingur (#2)	Magnús Jónsson KPMG (#4)

Ívar Karl stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Útkomuspá 2025 og áætlanir 2026-2029
- 2 Áætlanir 2026 og gjaldskrár
- 3 Styrkveitingar úr Orkusjóði
- 4 Gagnaveita HEF
- 5 Vatnsveita Eiða
- 6 Opinber vatnsból í Múlaþingi
- 7 Uppfærsla bókhaldskerfis
- 8 Starfsmannamál
- 9 Öryggismál veitna
- 10 Hreinsistöð Melshorni - framvinda
- 11 Önnur mál
 - a. Hreinsun á sandföngum götuniðurfalla

1 Útkomuspá 2025 og áætlanir 2026-2029

Farið yfir stöðu rekstrar eftir 8 mánuði 2025 og áætlanir 2026-2029:

Fyrir fundinum liggur fjárhagsstaða félagsins eftir 8 mánuði 2025 og útkomuspá 2025.

Heildartekjur eru áætlaðar 1.118 mkr. Gjöld eru áætluð 570 mkr. Áætluð afkoma er 348 mkr.

Stjórn samþykkir framlagða útkomuspá.

Rammaáætlun fyrir árið 2026 liggur fyrir fundinum. Þegar breytingar á gjaldskrá hefur verið innfærð verður áætlun ársins: Heildartekjur áætlaðar 1.130 mkr. Gjöld eru áætluð 588 mkr.

Rekstrarniðurstaða ársins eftir skatta er áætluð 326 mkr.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun með fyrirvara um að sjóðsstreymi og efnahagsyfirlit liggi fyrir, fyrir síðari umræðu í sveitarstjórn Múlaþings (eiganda). Ástæða þessa er að vinnu með þjónustuaðila bókhaldskerfis í skýrslu- og áætlanahluta kerfisins er enn ekki lokið.

Fjárfestingaáætlun 2026-2029 liggur fyrir fundinum.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárfestingaáætlun 2026 og samþykkir til fyrri umræðu eiganda 3ja ára áætlun 2027-2029:

Ár	2026	2027	2028	2029
Áætlun um framkvæmdir [M.kr.]	703	1195	944	870
Nettó fjárfesting [M.kr.]	477	1008	745	630

Áætlun um framkvæmdir skiptist þannig milli veitnanna fyrir árið 2026:

- Hitaveita 311 milljónir kr.
- Vatnsveita 89 milljónir kr.
- Fráveita 212 milljónir kr.
- Gagnaveita 4 milljónir kr.
- Fjarvarmaveita 88 milljónir kr.

2 Áætlanir 2026 og gjaldskrár

Farið yfir tillögur að gjaldskrár ársins 2026:

Hitaveita:

Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu almennt um 3,5% frá og með næstu áramótum.

Undantekningar eru: Tengigjöld utan þéttbýliskjarna á Egilsstöðum og Fellabæ verði óbreytt.

Fastagjöld hækki:	15mm:	5%
	20-25mm:	5%
	32-50mm:	5%
	≥ 65mm:	5%

Tillagan verði, svo sem vera ber, send til Orkustofnunar sem sækir samþykki ráðherra fyrir breytingunum.

Fjarvarmaveita Seyðisfirði:

Samþykkt að hækka gjaldskrá fjarvarmaveitu almennt um 3,5% frá og með næstu áramótum.

Fastagjöld hækki:	15mm:	5%
	20-25mm:	5%
	32-50mm:	5%
	≥ 65mm:	5%

Tillagan verði, svo sem vera ber, send til Orkustofnunar sem sækir samþykki ráðherra fyrir breytingunum.

Vatnsveita:

Samþykkt að vatnsgjald og fast gjald vatnsveitu (3. gr.) verði óbreytt.

Vatnsgjald af sumarhúsum/frístundahúsum skal þó að lágmarki vera 38.000,- kr.

Önnur gjöld gjaldskrárinnar fylgi breytingu byggingarvísitölu, sbr. 8. gr.

Fráveita:

Samþykkt að fráveitugjald lækki í 0,30% af fasteignamati fasteigna og lóða frá og með næstu áramótum. Rotþróagjöld hækki í kr. 23.500 á ári fyrir rotþró ≤6.0m³. Fyrir stærri rotþrær en 6.0m³ verði rotþróargjald kr. 5.800 á ári fyrir hvern rúmmetra þróar.

Önnur gjöld fráveitu fylgja byggingarvísitölu, sbr. 4. mgr. 7. gr og verða uppfærð skv. venju.

Gagnaveita:

Samþykkt að gjaldskrárliðir í 5. gr. gjaldskrár, tengigjöld o.fl. verði óbreytt, en aðrir liðir gjaldskrár gagnaveitu (6. gr.) hækki um 3% frá og með 1. janúar 2026.

3 Styrkveitingar úr Orkusjóði

Félagið hlaut í lok septembermánaðar styrki úr Jarðhitaleitarátaki 2025. Heildarstyrkupp hæð til veitunnar nemur 180 m.kr. og er ætlað í verkefni á Seyðisfirði og Borgarfirði. Alls voru 172 milljónir úthlutað fyrir Seyðisfjörð, þ.e. 28 m.kr. fyrir jöfnunartank, 121 m.kr. fyrir varmadælu og 23 m.kr. fyrir jarðhitaleit. Fyrir Borgarfjörð fengust 8 m.kr. fyrir jarðhitaleit.

Framkvæmdastjóri hrósar starfsmönnum HEF sem stóðu að umsóknunum og kynntu starfsemi félagsins og verkefnin við úthlutunarathöfn í Umhverfissráðuneyti 23. september s.l.

Verkefnastjóri hefur sett fjármögnun HEF á móti veittum styrkjum í fjárfestingaáætlun 2026-2028 (sjá #1).

Stjórn tekur undir hrós til starfsmannanna sem stóðu að umsóknunum og felur framkvæmdastjóra að undirrita samningana.

4 Gagnaveita HEF

Endurskoðendur, Magnús Jónsson og Magnús Kristjánsson fara yfir framtíðarmöguleika Gagnaveitu HEF. Stjórn þakkar heimsóknina, málið lagt fram til kynningar.

5 Vatnsveita Eiða

Síðast tekið fyrir á fundi #356.

Fyrir fundinum liggur uppfært minnisblað jarðfræðings HEF. Þar eru bornir saman valkostir um aukna öflun neysluvatns fyrir Eiða. Til kynningar og umfjöllunar síðar.

6 Opinber vatnsból í Múlaþingi

Síðast tekið fyrir á fundi #356.

Fyrir liggur samantekt jarðfræðings HEF um opinber vatnsból í Múlaþingi. Til kynningar og umfjöllunar á næsta fundi stjórnar.

7 Uppfærsla bókhaldskerfis

Bókhaldskerfi verður uppfært 1.-2. nóvember. Til kynningar.

8 Starfsmannamál

Auglýsingar eftir starfsmönnum á Seyðisfirði og Fellabæ eru opnar, nokkrar umsóknir þegar komnar og verða yfirfarnar.

9 Öryggismál veitna

Fyrir liggur minnisblað Samorku um öryggismál og almannavarnir eftir fund almannavarna á norðurlöndum 10.-12. september s.l. Til kynningar.

10 Hreinsistöð Melshorni - framvinda

Stjórn lýsir miklum áhyggjum sínum af framvindu verkefnisins. Verktaki hvattur til að gera allt sem mögulegt er til að vinna upp þær tafir sem orðið hafa. Ljóst er að verkkaupi mun verða fyrir verulegu tjóni dragist afhending verksins fram yfir umsaminn afhendingardag. Stjórn fer fram á að verktaki skili uppfærðri verkáætlun án tafa.

11 Önnur mál

a. Hreinsun á sandföngum götuniðurfalla

Erindi barst HEF veitur frá Framkvæmda- og umhverfismálastjóra 8. okt. þar sem þess er óskað að HEF veitur fallist á að greiða kostnað við hreinsun á sandföngum götuniðurfalla og líti þar með á þessa hreinsun sem hluta af rekstri fráveitukerfisins. Afgreiðslu frestað.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:05

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir